

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1989

29. mars 1989

265

Nr. 129

REGLUGERÐ

um línu- og netasvæði út af Suðurlandi.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 2. apríl 1989 til og með 15. maí 1989 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
- b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
- c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. mars 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Þórður Eypórsson.

16. mars 1989

Nr. 130

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við umfjöllun um aukefni í matvælum á vegum Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjöld vegna umsóknar, skráningar og eftirlits með aukefnum í matvælum á vegum Hollustuverndar ríkisins skulu vera sem hér segir:

Umsóknargjald, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 409/1988:

Umsókn vegna aukefnis sem ekki hefur verið leyft áður til notkunar hérlendis, kr. 56 400,00, á hvert efnasamband í matvælaflökki.

Umsókn vegna aukefnis sem áður hefur verið leyft til notkunar hérlendis, kr. 37 600,00, á hvert efnasamband í matvælaflökki.